

Byggðastofnun

Ársreikningur 2018

Ártorg 1
550 Sauðárkrókur

Kt. 450679-0389

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra.....	1
Áritun óháðs endurskoðanda.....	5
Rekstrarreikningur.....	8
Efnahagsreikningur.....	9
Sjóðstreymi.....	10
Skýringar.....	11

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Hlutverk

Um stofnunina gilda lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Rekstur 2018

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri stofnunarinnar 113,4 milljónum króna á árinu en til samanburðar var 99,6 milljóna króna hagnaður árið 2017. Eigið fé í lok desember samkvæmt efnahagsreikningi var 3.121 milljón króna. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 21,45% en var 23,57% í lok árs 2017.

Samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur í heild nema að lágmarki 8% af áhættugrunni, en í lok desember var eiginfjárlutfall stofnunarinnar 21,45% eins og að ofan greinir. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur ákveðið í samræmi við heimildir sínar, samkvæmt 1. og 2. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, sveiflujöfnunarauka fyrir stofnunina auk verndunarauka skv. 86 gr. e sömu laga. Samanlögð krafa um eiginfjáruka er 3,75% frá 1. janúar 2018. Skv. ákvörðun FME dags. 15. maí 2018 skal Byggðastofnun viðhalda 1,75% sveiflujöfnunarauka og 2,5% verndunarauka frá og með 15. maí 2019. Með bréfi FME dags. 1. febrúar 2019 skal Byggðastofnun viðhalda 2,0% sveiflujöfnunarauka frá 1. febrúar 2020.

Í apríl 2018 óskaði Framkvæmdasýsla ríkisins fyrir hönd Byggðastofnunar eftir tilboðum í byggingu á nýrri skrifstofubyggingu fyrir stofnunina að Sauðarmýri 2 á Sauðárkróki. Fjögur tilboð bárust og var lægsta tilboðið rúmlega 40% yfir kostnaðaráætlun. Stjórn ákvað á fundi í júní 2018 að hafna öllum tilboðum og bjóða verkið aftur út.

Ákveðið var að breyta verkefninu og skipta því upp í áfanga. Í október 2018 voru opnuð tilboð í jarðvinnu og var henni lokið í byrjun árs 2019. Í byrjun janúar 2019 var svo boðin út bygging húsnæðisins og er stefnt að því að nýtt hús verði tilbúið vorið 2020.

Efnahagur stofnunarinnar nam í lok desember 14.886 milljónum króna og hefur hækkað um 1.753 milljónir króna á árinu. Stærsti einstaki liðurinn á eignahlið efnahagsreiknings eru útlán til viðskiptavina og námu þau 12.113 milljónum króna og höfðu hækkað um 1.649 milljónir króna frá áramótum. Handbært fé í lok árs nam 1.102 milljónum króna, en var 1.090 milljónir króna í árslok 2017. Lántökur námu 11.504 milljónum króna og höfðu hækkað um 1.584 milljónir króna á árinu. Ný útlán á árinu námu 2.846 milljónum króna á móti 2.189 milljónum króna árið 2017.

Stjórnarhættir

Málefni byggðamála, og þar á meðal Byggðastofnun heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Skv. 3. gr. laga um Byggðastofnun skipar ráðherra á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar. Í 4. gr. ofangreindra laga er nánar kveðið á um verkefni stjórnar. Stjórn hefur sett sér reglur um störf sín og voru þær síðast endurskoðaðar í febrúar 2018.

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Á ársfundi stofnunarinnar 25. apríl 2018 skipaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nýja stjórn sem sitja skal fram að næsta ársfundi en þó ekki lengur en til 1. júlí 2019. Í stjórnina voru skipuð Illugi Gunnarsson stjórnarformaður, Einar E. Einarsson varaformaður, Gunnar Þór Sigbjörnsson, Gunnar Þorgeirsson, Karl Björnsson, María Hjálmsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir. Úr stjórninni gengu Ingunn Guðmundsdóttir og Rakel Óskarsdóttir. Á sama tíma voru sjö varamenn skipaðir, þau Ásthildur Sturludóttir, Eygló Björg Jóhannsdóttir, Þórey Edda Elísdóttir, Eiríkur Blöndal, Anna Guðrún Björnsdóttir, Oddný María Gunnarsdóttir og Halldór Gunnarsson. Þær Ásthildur og Eygló báðust lausnar á árinu. Fjármálaeftirlitið metur hæfi stjórnarmanna skv. 52. gr. laga um fjármálaframtæki.

Stjórn Byggðastofnunar leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og hefur sett sér reglur um störf stjórnar auk siðareglna fyrir starfsfólk og stjórn. Þá hafa verið settar starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn skilgreint hlutverk regluvarðar. Hjá stofnuninni starfar lánanefnd sem fjallar um allar lánsúmsóknir, sölu fullnustueigna auk þess að gera tillögu til stjórnar um sölu hlutabréfa og afgreiðslu lánamála yfir sínum heimildamörkum. Þá eru til staðar áhættumatsnefnd, vanskilanevnd og öryggisnefnd hjá stofnuninni sem settar hafa verið verklagsreglur um. Verklagsreglur um útlánastarfsemi, fjármála- og eignauskýslu hafa verið uppfærðar reglulega og í þeim er m.a. kveðið á um heimildir lánanefndar.

Í umboði stjórnar starfar Endurskoðunarnefnd sem hefur lögbundið eftirlitshlutverk með endurskoðun stofnunarinnar. Endurskoðunarnefnd skal aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilafarli stofnunarinnar og innra eftirliti hennar ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda stofnunarinnar eins og nánar er tilgreint í verklagsreglum hennar og í samræmi við 108. gr. b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Stjórn ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar og skal nefndin svara beint til stjórnar. Hún skal skipuð þremur aðilum eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum Byggðastofnunar og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður Byggðastofnun. Á fundi stjórnar 25. maí 2018 voru Fjóla B. Jónsdóttir, Einar E. Einarsson og Ólafur Sigurbergsson skipuð í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar til eins árs.

Í júní 2018 samþykkti stjórn persónuverndarstefnu skv. lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Stjórn skipaði einnig persónuverndarfulltrúa skv. erindisbréfi.

Ríkisendurskoðun ber ábyrgð á endurskoðun Byggðastofnunar skv. 3. gr. laga um Ríkisendurskoðun og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016. Ríkisendurskoðun fól PricewaterhouseCoopers ehf. í kjölfar útboðs að sjá um endurskoðun á ársreikningi Byggðastofnunar í umboði sínu rekstrarárin 2018-2024.

Byggðastofnun er undanþegin rekstri á innri endurskoðunardeild skv. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2012. Árið 2016, í kjölfar útboðs, samdi Byggðastofnun við KPMG um að sjá um innri endurskoðun Byggðastofnunar á árunum 2016-2020.

Verkefni forstjóra eru nánar tilgreind í 5. gr. laga um Byggðastofnun.

Stjórn skipar regluvörð samkvæmt erindisbréfi og kemur regluvörður að lágmarki einu sinni á ári fyrir stjórn og kynnir skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyra.

Stofnunin skiptist í fjögur svið, fyrirtækjasvið, lögræðisvið, rekstrarsvið og þróunarsvið. Fjöldi starfsmanna í lok árs var 27 í jafn mörgum stöðugildum.

Áhættustýring

Skv. niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2015 er Byggðastofnun undanþegin starfrækslu áhættunefndar sbr. 5 mgr. 78 gr. laga nr. 161/2002 um fjármálaframtæki. Vegna þessarar undanþágu þá hvíla starfsskyldur áhættunefndar sem mælt er fyrir um á stjórn Byggðastofnunar.

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Á árinu 2015 var í fyrsta skipti staðfest áhættustefna af stjórn Byggðastofnunar og er hún endurskoðuð árlega, nú síðast í október 2018, en stjórn Byggðastofnunar ber ábyrgð á áhættustýringu stofnunarinnar. Skv. 11. gr. laga um Byggðastofnun skal fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar vera að varðveita eigið fé að raungildi og hefur því lítinn áhættuvilja, en stjórn stofnunarinnar ákveður viðunandi áhættu. Fjórum sinnum á ári fær stjórn stofnunarinnar upplýsingar um áhættu stofnunarinnar og framkvæmd áhættustýringar.

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs stofnunarinnar. Byggðastofnun hefur skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri sínum. Þeir eru útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, markaðsáhætta, gengisáhætta, vaxtaáhætta, uppgreiðsluáhætta, verðbólguáhætta, lausafjáraáhætta, útstreymisáhætta, seljanleikaáhætta, rekstraráhætta, upplýsingatækniáhætta, pólitísk og lagaleg áhætta, orðsporsáhætta og starfsmannaáhætta.

Virkt innra eftirlit er hjá stofnuninni og hafa flestir ferlar verið skráðir niður. Þessir ferlar og áhættuþættir eru metnir reglulega. Hafa úttektir sýnt fram á að skilgreindar eftirlitsaðgerðir eru virkar.

Í samræmi við 17. grein laga um fjármála fyrirtæki hefur verið skipaður sérstakur umsjónarmaður áhættustýringar hjá Byggðastofnun og gilda um störf hans reglur um umsjónarmann áhættustýringar sem samþykktar voru af stjórn í janúar 2017. Hefur umsjónarmaður áhættustýringar beinan og milliliðalausán aðgang að stjórn Byggðastofnunar og flytur skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyrna einu sinni á ári auk þess að leggja fyrir stjórn ársfjórðungslega áhættuskýrslu.

Fjármögnun

Í byrjun árs 2018 var gefinn út 2.000 milljóna króna skuldabréfaflokkur sem skráður var í Kauphöll Íslands. Var hann til 15 ára og ber 2,34% vexti. Að auki hafði stofnunin 2.500 milljóna króna lántökuheimild á árinu.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf samkvæmt 66. gr. d í lögum um ársreikninga

Byggðastofnun telst til eininga tengdum almannahagsmunum eins og hugtakið er skilgreint í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum. Með breytingum á þeim lögum, sem tóku gildi í júní 2016, bættist m.a. ný grein við lög um ársreikninga, sem varðar ófjárhagslega upplýsingagjöf í reikningsskilum félaga sem teljast einingar tengdar almannahagsmunum. Í gr. 66. d í lögum um ársreikninga kemur m.a. fram að í yfirliti með skýrslu stjórnar skuli fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar séu til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gerð grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum.

Byggðastofnun hefur ekki mótað formlega stefnu varðandi birtingu nefndra ófjárhagslegra upplýsinga. Undirbúningur við þá vinnu er hafinn og er miðað við að gerð verði nánari grein fyrir málinu í skýrslu með árshlutareikningi stofnunarinnar fyrir tímabilið janúar-júní 2019. Þrátt fyrir að formleg stefna hafi ekki verið mótuð varðandi innleiðingu greinar 66. d í lögum um ársreikninga liggja fyrir og eru birtar á heimasíðu stofnunarinnar margþættar reglur og stefnur sem lúta beint og óbeint að þeim atriðum sem þar er fjallað um.

Atburðir eftir lok tímabils

Í janúar 2019 hélt Byggðastofnun útboð á nýjum skuldabréfaflokki BYG 19 1 Var ákveðið að taka tilboðum að nafnvirði 2.450 milljónir króna á ávöxtunarkröfunni 1,97%.

Þann 22. janúar 2019 voru opnuð tilboð í byggingu á nýju skrifstofuhúsnæði fyrir stofnunina að Sauðármýri 2 á Sauðárkróki. Lægstbjóðandi var Friðrik Jónsson ehf. Stefnt er að því að húsið verði tilbúið um mitt árið 2020.

Þann 5. febrúar 2019 sagði Einar E. Einarsson sig úr stjórn og endurskoðunarnefnd stofnunarinnar.

Framtíðarhorfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl fyrirtækja á landsbyggðunum.

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningskil lánastofnana.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Byggðastofnunar á árinu 2018, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri stofnunarinnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissum sem stofnunin býr við.

Stjórn Byggðastofnunar og forstjóri hafa fjallað um ársreikninginn fyrir árið 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 22. mars 2019

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og forstjóra Byggðastofnunar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2018, í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2018, efnahag hennar 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar og forstjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð stofnuninni samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi stofnunarinnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Endurskoðunaraðgerðir

Mat á útlánnum

Sjá nánar skýringar nr. 10 "Útlán til viðskiptavina" og nr. 13 "Afskriftarreikningur"

Áhersla í endurskoðun okkar var á mat útlána þar sem útlán nema um 12.113 milljónum króna eða 81% af heildareignum stofnunarinnar. Afskriftarreikningur útlána nemur 1.142 milljónum króna eða 8,61% af heildarútlánnum stofnunarinnar. Vegna umfangs matskenndra þátta við útreikning á afskriftarreikningi er þessi liður lykilatriði í endurskoðun okkar.

Útlán stofnunarinnar eru upphaflega metin á gangvirði sem er lánsfjárhæðin, auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði. Áfallnir vextir og verðbætur eru taldir með í bókfærðu virði lána.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Ársskýrsla liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við búumst við að fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi stofnunarinnar ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reiknings-skilareglur. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum stofnunarinnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning stofnunarinnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa stofnunina upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi stofnunarinnar. Stjórnendum stofnunarinnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

Metum hvort val stjórnenda á reiknings-skilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að stofnunin verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Reykjavík, 22. mars 2019.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2018

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

		2018	2017
	Skýr.		
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir.....		52.186	63.128
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum.....		1.046.305	791.978
		1.098.491	855.106
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum.....		630.514	428.538
Önnur vaxtagjöld.....		132	290
		630.646	428.828
	Hreinar vaxtatekjur	467.845	426.278
Rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum.....	6	376.200	364.600
Gengismunur.....	7	7.119	(26.241)
Aðrar rekstrartekjur.....	8	233.254	211.229
		616.573	549.588
	Hreinar rekstrartekjur	1.084.418	975.866
Rekstrargjöld			
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa.....		204.800	198.500
Veittir aðrir styrkir.....		121.157	109.744
Laun og launatengd gjöld.....	3,4	357.245	312.602
Annar rekstrarkostnaður.....		162.807	133.678
Rekstur fullnustueigna.....	12	4.872	4.676
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	15	5.300	5.856
Framlög í afskriftarr. útlána o.fl.....	2,13	114.851	111.179
		971.031	876.235
	Hagnaður ársins	113.387	99.631

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

		31.12.2018	31.12.2017
	<i>Skýr</i>		
Eignir			
Bankainnstæður.....	9	1.102.471	1.089.861
Útlán til viðskiptavina.....	10	12.113.274	10.463.653
Fullnustueignir.....	11	347.510	340.510
Veltuhlutabréf.....	14	571.706	594.926
Hlutdeildarfélag.....	14	642.237	576.288
Viðskiptakröfur.....		29.713	14.147
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	15	79.403	53.858
		<hr/>	<hr/>
Eignir samtals		14.886.313	13.133.244
		<hr/>	<hr/>
Skuldir og eigið fé			
Lántökur og skuldabréfaútgáfur.....	17	11.504.095	9.920.045
Óráðstöfuð framlög.....		123.593	130.852
Aðrar skuldir.....		137.944	75.053
		<hr/>	<hr/>
Skuldir samtals		11.765.633	10.125.951
		<hr/>	<hr/>
Eigið fé			
Eigið fé.....	2,18	3.120.680	3.007.293
		<hr/>	<hr/>
Skuldir og eigið fé samtals		14.886.313	13.133.244
		<hr/>	<hr/>

Sjóðstreymi 2018

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2018	2017
Handbært fé frá rekstri		
Hagnaður ársins.....	113.387	99.631
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:		
Framlög í afskriftarr. útlána og matsbreyting hlutabréfa.....	112.446	96.607
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	5.300	5.856
Tap (Hagnaður) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna.....	385	(20.141)
Tap (Hagnaður) af sölu hlutabréfa.....	0	(55)
Vextir, verðbætur og gengismunur.....	16.647	108.177
Handbært fé frá rekstri	<u>248.164</u>	<u>290.075</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Afborganir útlána.....	1.522.719	1.435.757
Veitt lán.....	(2.845.778)	(2.188.922)
Innleystar eignir.....	(12.772)	(12.386)
Hlutabréf.....	55.013	(21.232)
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	(31.230)	16.620
Skuldunautar.....	(15.566)	4.542
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(1.327.614)</u>	<u>(765.620)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir af lántökum.....	(963.572)	(1.169.221)
Nýjar lántökur.....	2.000.000	0
Lánadrottnar.....	55.632	(22.914)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>1.092.060</u>	<u>(1.192.135)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	12.610	(1.667.681)
Handbært fé í ársbyrjun	1.089.861	2.757.542
Handbært fé í lok ársins.....	<u><u>1.102.471</u></u>	<u><u>1.089.861</u></u>

Skýringar

1. Upplýsingar um stofnunina

Byggðastofnun er lánastofnun, kt. 450679-0389 og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í útlánum og öðrum fjárhagslegum stuðningi auk þess að fylgjast með þróun byggðar á Íslandi. Lögheimili stofnunarinnar er að Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðir stjórnenda styðjast við góða reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Verðtryggðar eignir og skuldir og eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í ársreikningnum. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2019. Útlán og lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða sölugengi Seðlabanka Íslands í lok ársins. Innistæður á gjaldeyrisreikningum í íslenskum bönkum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða kaupgengi viðkomandi viðskiptabanka. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Sölugengi Seðlabanka Íslands í lok tímabilsins:	31.12.2018	31.12.2017
USD	116,61	104,67
DKK	17,89	16,84
JPY	1,06	0,93
EUR	133,60	125,40
Kaupgengi Arion banka í lok tímabilsins		
USD	116,08	103,13
EUR	132,80	123,88
Kaupgengi Landsbankans í lok tímabilsins		
EUR	132,80	123,87
Kaupgengi Íslandsbanka í lok tímabilsins		
USD	115,93	103,08
JPY	1,06	0,91
EUR	132,76	123,84

Skýringar

Vísitölur í upphafi tímabilsins:

	1.1.2019	1.1.2018
Vísitala neysluverðs til verðtryggingar	460,5	446,0

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili stofnuninni framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundruðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu.

Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftarreikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

Eignarhlutir í félögum

Hlutdeildarfélög, eru félög sem stofnunin á að jafnaði 20-50% eignarhlut í. Eignarhlutir stofnunarinnar í hlutdeildarfélögum eru í upphafi færðir á kostnaðarverði og eftir upphaflega færslu samkvæmt stöðu eiginfjár viðkomandi félags út frá nýjustu upplýsingum frá þeim félögum. Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Sé eignarhluti undir 20% en Byggðastofnun með aðila í stjórn félagsins þá er eignarhlutur færður miðað við stöðu eiginfjár út frá nýjustu upplýsingum frá þeim félögum þó þau séu flokkuð á meðal veltufjárbréfa. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Fullnustueignir

Fullnustueignir eru færðar á áætluðu söluverði. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Útlán

Útlán stofnunarinnar eru flokkuð í útlán til viðskiptavina og fullnustueignir. Þau eru upphaflega metin á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin, auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði. Öll viðskipti stofnunarinnar vegna fjárfestinga hennar eru skráð á viðskiptadegi sem telst sá dagur sem stofnunin hefur skuldbundið sig til viðskiptanna. Áfallnir vextir og verðbætur eru taldir með í bókfærðu virði lána. Vaxtatekjur af lánnum og kröfum eru skráðar undir liðnum „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi og gengismunur undir liðnum „Gengismunur“. Niðurfærsla er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum útlánnum. Útlán sem eru endanlega töpuð eru færð út úr bókum stofnunarinnar.

Skuldunautar

Kröfur á skuldunauta eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart hverjum skuldunaut. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Skýringar

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til stofnunarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Arðstekjur eru færðar þegar réttur stofnunarinnar til innheimtu liggur fyrir.

Leigutekjur af útleigu fullnustueigna eru færðar samkvæmt línulegri aðferð á leigutímanum.

3. Laun og launatengd gjöld

	2018	2017
Laun	270.582	248.258
Lífeyrissjóðsframlög	48.817	39.908
Tryggingagjald	21.273	19.528
Breyting á áunnu orlofi	11.303	(77)
Önnur launatengd gjöld	5.271	4.983
Laun og launatengd gjöld alls	357.245	312.602

Að meðaltali störfuðu 27 starfsmenn hjá stofnuninni á tímabilinu m.v. heilsársstörf. Þann 31. desember 2018 voru 27 starfsmenn á launaskrá hjá stofnuninni og heils dagsstöðugildi voru 27.

4. Þóknanir til stjórnar og forstjóra

Laun til stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra greinast þannig:

	2018	2017
Illugi Gunnarsson, stjórnarformaður frá 25.04.2017	3.132	2.005
Herdís Á Sæmundardóttir, stjórnarformaður til 25.04.2017	0	1.201
Anna Guðrún Björnsdóttir (varamaður)	0	62
Einar E. Einarsson, varaformaður stjórnar	2.018	2.037
Eiríkur Blöndal, (varamaður) frá 25.04.2018	127	0
Gunnar Þór Sigbjörnsson, stjórnarmaður frá 25.04.2018	1.033	75
Gunnar Þorgeirsson, stjórnarmaður frá 06.10.2017	1.549	352
Ingunn Guðmundsdóttir, stjórnarmaður til 25.04.2018	519	994
Karl Björnsson	1.552	1.590
Lilja Sigurðardóttir, stjórnarmaður til 25.04.2017	0	497
María Hjálmarsdóttir, stjórnarmaður frá 25.04.2018	1.033	0
Oddný María Gunnarsdóttir, (varamaður)	127	658
Rakel Óskarsdóttir, stjórnarmaður til 25.04.2018	519	994
Róbert Guðfinnsson, stjórnarmaður 25.04-03.06.2017	0	135
Sigríður Guðrún Hauksdóttir (varamaður)	0	361

Skýringar

Sigríður Jóhannesdóttir	1.552	1.590
Sveinn Auðunn Sæland (varamaður)	0	62
Valdimar Hafsteinsson, stjórnarmaður til 25.04.2017	0	596
Þórey Edda Elísdóttir (varamaður)	65	597
Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri	16.594	16.848
Þóknanir til stjórnar og forstjóra samtals	29.819	30.652

5. Þóknanir endurskoðenda

	2018	2017
Endurskoðun ársreiknings og könnun árshlutauppgjörðs	6.883	6.639
Önnur sérfræðipjónusta/innri endurskoðun	2.804	3.404
Þóknanir endurskoðenda samtals	9.686	10.043

6. Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum og annað framlag ríkissjóðs

	2018	2017
Almennur rekstur	171.400	166.100
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	204.800	198.500
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum	376.200	364.600

	2018	2017
Framlag ríkissjóðs v. Brothættra byggða	100.000	100.000
Framlag ríkissjóðs v. Sértekra verk. sóknaráætlunarsvæða	160.000	0
Framlag ríkissjóðs v. Byggðarannsóknasjóðs	7.000	7.000
Aðann framlag ríkissjóðs samtals	267.000	107.000

Veittir styrkir af framlagi ríkissjóðs sem fara í gegnum efnahagsreikning.

	2018	2017
Styrkur v. Byggðarannsóknasjóðs	5.750	14.950
Styrkir v. Sértekra verkefna sóknaráætlunarsvæða	120.000	0
Veittir styrkir alls	125.750	14.950

Óúthlutaðir styrkir vegna annars framlags ríkissjóðs eru færðir á efnahagsreikning.

Kostnaður Byggðastofnunar vegna verkefnisins „Brothætta byggðir“ nam 141.602 þúsund krónum á árinu og er færður í rekstrarreikning. Tekjur námu 141.602 þúsund krónum og eru færðar meðal annarra rekstrartekna.

7. Gengismunur

	2018	2017
Gengismunur af útlánum og gjaldeyrisreikningum	290.632	(33.644)
Gengismunur af lántökum	(283.513)	7.402
	7.119	(26.241)

Skýringar

8. Aðrar rekstrartekjur

	2018	2017
Endurgreiddur ýmiss útlagður kostnaður	203.809	159.272
Arður og hagnaður af sölu hlutabréfa	20.955	23.780
Tekjur og hagnaður v. rekstrarfjármuna	3.707	23.782
Innheimtutekjur	1.491	2.272
Annað	3.292	2.122
	<u>233.254</u>	<u>211.229</u>

9. Bankainnstæður

	31.12.2018	31.12.2017
Bankainnstæður í íslenskum krónum	537.225	559.262
Bankainnstæður í erlendra mynt	565.246	530.599
Bankainnstæður samtals	<u>1.102.471</u>	<u>1.089.861</u>

10. Útlán til viðskiptavina

	31.12.2018	31.12.2017
Sundurliðun eftir myntum		
Útlán í íslenskum krónum	10.684.514	8.662.888
Útlán í erlendum myntum	2.570.605	2.791.175
Afskriftarreikningur útlána	(1.141.845)	(990.409)
	<u>12.113.274</u>	<u>10.463.653</u>

Sundurliðað eftir lántakendum:

	31.12.2018	31.12.2017
Bæjar- og sveitarfélög	0,00%	0,00%
Einstaklingar	29,78%	23,71%

Sundurliðað eftir atvinnugreinum:

Þjónustustarfsemi	37,37%	39,87%
Sjávarútvegur	14,89%	18,91%
Iðnaður	7,70%	9,00%
Landbúnaður	10,26%	8,51%
Fjármálastofnanir	0,00%	0,01%
	<u>100%</u>	<u>100%</u>

Útlán með áföllnum vöxtum greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	31.12.2018	31.12.2017
Gjaldkræfar kröfur	163.514	103.268
Allt að 3 mánuðum	179.771	149.191
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	794.434	753.746
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	3.665.657	3.202.051
Yfir 5 ár	7.309.898	6.255.398
	<u>12.113.274</u>	<u>10.463.653</u>

Skýringar

11. Fullnustueignir

	31.12.2018	31.12.2017
Fasteignir	325.010	340.510
Skip	22.500	0
	<u>347.510</u>	<u>340.510</u>

	F. mat	Stærð m ²
Eyrarland 1, Hvammstanga	8.870	159,2
Grænigarður, Ísafirði	69.455	1.366,7
Nesbraut 7, Reyðarfirði	36.350	722,4
Pálsbergsgata 3 og 5, Ólafsfirði	38.750	1.851,4
Sandhorn, Hrísey	22.700	832,7
Sólvellir 23, Breiðdalsvík	82.755	2.081,6
Strandarvegur 29-33, 29R, Seyðisfirði	12.100	601,0
Strandgata 37, Tálknafirði	12.425	456,1
Valgerðarstaðir 4, Fljótshéraði	125.300	5.148,3
	<u>408.705</u>	<u>13.219,4</u>

Fullnustueignir eru bókfærðar í árshlutareikningi á 347.510 þúsund krónur.

	2018	2017
Fjöldi fullnustueigna í eigu Byggðastofnunar í ársbyrjun	11	17
Fullnustueignir innleystar til fullnustu krafna á tímabilinu	1	0
Fullnustueignir seldar á tímabilinu	(2)	(6)
Fullnustueignir í eigu Byggðastofnunar í lok tímabils	<u>10</u>	<u>11</u>

12. Rekstur fullnustueigna

	2018	2017
Leigutekjur	26.886	30.837
Rekstrarkostnaður	31.758	35.514
	<u>(4.872)</u>	<u>(4.676)</u>

13. Afskriftarreikningur

Hreyfingar í þúsundum króna:

Í gegnum framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi fara framlög í afskriftarreikning útlána og viðskiptakrafna auk matsbreytingar hlutafjár og fullnustueigna. Afskriftarreikningur útlána skiptist í sérstakan afskriftarreikning og almennan afskriftarreikning. Undir sérstakan afskriftarreikning útlána falla lántakar með vanskil umfram 3 mánuði auk lántakenda sem metnir eru með verulega tapshættu. Afskriftarreikningur útlána sundurliðast þannig:

Skýringar

	Sérstakur afskr.reikn.	Almennur afskr.reikn.	Samtals
Afskriftarreikningur útlána			
Staðan 1. janúar	251.516	738.894	990.409
Framlög á tímabilinu	138.562	34.230	172.792
Endanlega töpuð útlán	(21.357)	0	(21.357)
Staða 31. desember	<u>368.721</u>	<u>773.124</u>	<u>1.141.845</u>
Afskriftarreikn, útlána í hlutfalli af útlánnum ...	2,78%	5,83%	8,61%

	2018	2017
Framlag á tímabilinu	172.792	61.392
Framlag vegna viðskiptakrafna	(500)	2.174
Endurmat fullnustueigna	40.299	14.868
Matsverðsbreyting á hlutum í hlutdeildarfélagum	(65.948)	(6.984)
Matsverðsbreyting á veltufjárbréfum	(31.792)	39.674
Innkominn áður afskrifuð lán	0	55
Framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi	<u>114.851</u>	<u>111.179</u>

14. Hlutafjäreign

Í lok tímabilsins átti Byggðastofnun eftirtalin hlutabréf sem greinast þannig eftir nafnverði og eignarhluta:

Hlutdeildarfélag, eignarhlutur > 20%	Eignarhluti	Nafnverð
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.	22,38%	1.933
Ámundakinn ehf.	20,13%	43.815
Dýralíf ehf.	33,81%	4.000
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.	40,00%	109.142
Fasteignafélagið Hvammur ehf.	24,85%	16.919
Fasteignafélagið Kirkjuból ehf.	30,00%	7.124
Fjallalamb hf.	21,26%	27.344
Fjárfestingafélagið Vör hf.	41,95%	35.940
Hvetjandi ehf.	40,16%	100.448
Molta ehf.	30,00%	50.000
Nes-Listamiðstöð ehf.	35,71%	5.000
Raflagnir Austurlands ehf.	22,37%	3.600
Ullarvinnsla Frú Láru ehf.	29,76%	2.500
Útgerðarfélagið Skúli ehf.	30,01%	24.274
Vilko ehf.	21,99%	21.555
Þörungaverksmiðjan hf.	27,67%	7.919
Hlutdeildarfélag, samtals nafnverð		<u>461.513</u>

Skýringar

	Eignarhluti	Nafnverð
Veltufjárbréf, eignarhlutur ≤ 20%		
Ásgarður hf.	13,78%	15.000
Borg, saumastofa ehf.	19,82%	170
Eðalís ehf.	11,06%	3.000
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	19,03%	96.840
Fánasmiðjan ehf.	9,95%	4.167
Fiskvinnslan Drangur ehf.	4,08%	1.000
Grand hótél Mývatn ehf.	7,22%	10.000
Hótél Flúðir hf.	4,77%	1.194
Hótél Húsavík ehf.	0,38%	136
Hótél Varmahlíð hf.	13,04%	3.000
Hvalamiðstöðin Húsavík ehf.	19,70%	2.000
Hæðin á Höfðabraut ehf.	12,28%	2.000
P/F Smyril-line (1.868 þús. DKK)	1,67%	33.433
Samkaup hf.	2,84%	10.801
Snorri Þorfinnsson ehf.	19,89%	12.000
Tröllasteinn ehf.	19,72%	7.000
Yrkjar ehf.	6,21%	1.800
Þórsberg ehf.	16,69%	30.191
Veltufjárbréf, samtals nafnverð		233.732
Hlutafjäreign, samtals nafnverð		695.245

Hlutabréf í hlutdeildarfélagum eru bókfærð í ársreikningi á 642.237 þúsund krónur og veltufjárbréf eru bókfærð á 571.706 þúsund krónur. Verðmæti hlutabréfa sem hefur verið aflað í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu nema 623.952 þúsundir króna.

15. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreiðar	Hugbúnaður	Samtals
Stofnverð 1/1	42.411	21.263	7.216	70.890
Afskrifað alls 1/1	(5.579)	(7.123)	(4.330)	(17.032)
Bókfært verð 1/1	36.832	14.140	2.887	53.859
Viðbót á árinu	29.380	4.500	0	33.880
Afskrifað á árinu	(329)	(3.528)	(1.443)	(5.300)
Selt á árinu	0	(5.873)	0	(5.873)
Afskrift færð út	0	2.839	0	2.839
Bókfært verð 31/12	65.883	12.077	1.443	79.403
Stofnverð alls 31/12	71.791	19.889	7.216	98.897
Afskrifað alls 31/12	(5.908)	(7.812)	(5.773)	(19.493)
Bókfært verð 31/12	65.883	12.077	1.443	79.403

Skýringar

Afskriftarhlutföll 2% 20% 20%

Fasteignir stofnunarinnar eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Háahlíð 4, Sauðárkróki	46.800	74.350	10.546
Sauðármýri 2, Sauðárkróki	7.350	0	55.336
	54.150	74.350	65.883

16. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum og verðtryggingu

Erlent:	31.12.2018	31.12.2017
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	2.879.413	3.094.676
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	3.070.239	3.265.843
Nettó staða erlendra eigna og skulda	(190.826)	(171.167)
Verðtryggt:		
Verðtryggðar eignir	8.722.205	6.926.235
Verðtryggðar skuldir	8.460.827	6.654.203
Nettó staða verðtryggðra eigna og skulda	261.378	272.032

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

Erlendar eignir og skuldir skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

31.12.2018	USD	JPY	EUR	Samtals
Útlán	321.841	509.689	1.482.637	2.314.167
Handbært fé	335.907	96.500	132.839	565.246
Eignir samtals	657.748	606.189	1.615.476	2.879.413
Lántökur	718.777	672.537	1.678.926	3.070.239
Nettó staða	(61.028)	(66.348)	(63.450)	(190.826)

Skýringar

31.12.2017	USD	JPY	EUR	Samtals
Útlán	274.625	690.518	1.598.934	2.564.077
Handbært fé	363.081	0	167.518	530.599
Eignir samtals	637.706	690.518	1.766.452	3.094.676
Lántökur	689.885	708.377	1.867.580	3.265.843
Nettó staða	(52.179)	(17.859)	(101.129)	(171.167)

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

17. Lántökur og skuldabréfaútgáfur

Sundurliðun eftir tegund	31.12.2018	31.12.2017
Verðtryggðar skuldabréfaútgáfur	8.433.856	6.654.203
Erlendar lántökur	3.070.239	3.265.843
	11.504.095	9.920.045

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	31.12.2018	31.12.2017
Gjaldkræft	0	0
Allt að 3 mánuðum	172.444	83.600
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	1.143.919	989.889
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	4.670.471	3.959.886
Yfir 5 ár	5.517.261	4.886.671
	11.504.095	9.920.045

Lántökur skiptast þannig eftir mynt:

	Greiðslu- skilmálar	Loka- gjaldddagi	Vaxtakjör	31.12.2018	31.12.2017
ISK	Jafnar gr.	2030-2034	2,34-5,0% verðtr.	8.433.856	6.654.203
USD ..	Jafnar afb.	2025	Libor +1,5%	718.777	689.885
JPY ...	Jafnar afb.	2023	Libor +1,5%	672.537	708.377
EUR ..	Jafnar afb.	2021-2025	Euribor +0,2-1,45%	1.678.926	1.867.580
				11.504.095	9.920.045

18. Eigið fé

Samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur í heild nema að lágmarki 8% af áhættugrunni, en í árslok var eiginfjárhlutfall stofnunarinnar 21,45%. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur ákveðið í samræmi við heimildir sínar, samkvæmt 1. og 2. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, sveiflujöfnunarauka fyrir stofnunina auk verndunarauka skv. 86 gr. e sömu laga. Samanlögð krafa um eiginfjáruka er 3,75% frá 1. janúar 2018. Skv. ákvörðun FME dags. 15. maí 2018 skal Byggðastofnun viðhalda 1,75% sveiflujöfnunarauka og 2,5% verndunarauka frá og með 15. maí 2019. Með bréfi dags. 1. febrúar 2019 skal Byggðastofnun viðhalda 2,0% sveiflujöfnunarauka frá 1. febrúar 2020.

Skýringar

Eigið fé og eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

	31.12.2018	31.12.2017
Eiginfjárbáttur A	3.120.680	3.007.293
Samtals	3.120.680	3.007.293
Útlánaáætta	12.587.677	10.863.699
Markaðsáætta	82.852	171.098
Rekstraráætta	1.875.138	1.722.321
Áhættugrunnur	14.545.667	12.757.118
	31.12.2018	31.12.2017
Staða í upphafi árs	3.007.293	2.907.663
Hagnaður ársins	113.387	99.631
	3.120.680	3.007.293
Eiginfjárlutfall	21,45%	23,57%

19. Ábyrgðir og skuldbindingar

Byggðastofnun var ekki í neinum ábyrgðum gagnvart þriðja aðila þann 31. desember 2018. Í árslok voru 61 lánsloforð að fjárhæð 2.561 milljónir króna óafgreidd. Samkvæmt reglum Byggðastofnun falla lánsloforð niður 12 mánuðum frá því þau eru samþykkt.

Byggðastofnun hefur á leigu 3. hæð á Ártorgi 1, Sauðárkróki. Leigusamningurinn er runninn út en framlengist um eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp og skal uppsögn miðast við áramót. Áætluð leigugreiðsla á árinu 2019 er 25 mkr.

20. Viðskipti við tengda aðila

Stjórn Byggðastofnunar, lykilstjórnendur og hlutdeildarfélag eru skilgreind sem tengdir aðilar auk nánna fjölskyldumeðlima framangreindra og lögaðila undir yfirráðum þeirra. Engin óvenjuleg viðskipti áttu sér stað við tengda aðila á árinu. Engar ábyrgðir hafa verið veittar tengdum aðilum vegna viðskiptaskulda eða viðskiptakrafna.

Útlán til tengdra aðila námu í árslok 359.587 þús.kr. og 9.960 þús.kr. voru í vanskilum.